

Reykjavík 7.maí 2024

Til þeirra innan stjórnvalda er málið varðar.

Efni: Ósk um uppkaup á atvinnuhúsnæði Eyrar ehf. í Grindavík

Eyri ehf. 600106-2950, er eigandi fasteignar að Miðgarði 2 í Grindavík. Fasteignin hýsir veitingarekstur eigenda félagsins, sem legið hefur niðri frá rýmingu Grindavíkur í nóvember 2023. Heft aðgengi að Grindavík til dagsins í dag, hefur kippt öllum rekstargrundvelli undan veitingarekstrinum. Eigendur sjá því engan annan kost en að leggja veitingareksturinn niður og hætta starfsemi. Einnig sjá eigendur ekki fram á að hægt sé að selja fasteignina að svo stöddu til þriðja aðila undir aðra starfsemi. Eigendur Eyrar sjá því þann kost einan að óska hér með eftir að eign félagsins verði keypt af Ríkissjóði með sama hætti og Ríkissjóður hefur keypt upp íbúðarhúsnæði í Grindavík.

Eyri ehf. er systurfélag rekstrarfélagsins Bryggjan Gastro ehf. Starfsemi beggja félaga snýst um rekstur veitingareksturs undir nafninu Bryggjan, sem byggir nær eingöngu á viðskiptum við ferðamenn. Stærstur hluti viðskiptanna er við hópa frá stórum ferðapjónustuaðilum, sem bóka viðskipti við félagið allt að árið áður en viðskiptin eiga sér stað. Hið hefta aðgengi að Grindavík til þessa veldur því að stærstur hluti viðskiptaaðilanna hefur ráðstafað sínum viðskiptum til annarra landssvæða. Þó svo öllum afmörkunum yrði aflétt á næstu vikum, gengi félagið ekki að vísun viðskiptum á þessu ári, og stórfelldur taprekstur framundan. Eigendur sjá því ekki annan kost en að hætta veitingastarfsemi með öllu og leita annara leiða til að lágmarka tapið.

Fasteign félagsins er á hafnarbakka Grindavíkur og hentar vel til annarar hafnsækinnar starfsemi. Á þessum tímamarki eiga eigendur ekki von á því að þriðju aðilar sem eru í annarri starfsemi sem gæti þrífist undir núverandi hömlum, hafi áhuga að gangast undir skuldbindingar við kaup á eigninni. Eigendur sjá því engan annan kost en að leita til Ríkissjóðs með uppkaup á eigninni eins og fram kom að ofan.

Eign Eyrar í Miðgarði er skipt í tvo matshluta:

Fasteignanúmer:	F2092145	Stærð:
213,7m ²	Brunabótamat:	71.950.000 kr.

Fasteignanúmer: F 2 3 1 3 2 2 5 Stærð:
640,4m² Brunabótamat: 215.550.000 kr.

Samtals brunabótamat samkvæmt núverandi skráningu
HMS: 287.500.000 kr.

(Athugasemd: Uppfærsla á brunabótamati stendur yfir hjá HMS þar sem
að nýlegar byggingarframkvæmdir á viðbót við húsið höfðu ekki verið
skráðar inn þegar síðustu eldsumbrot hófust.)

Eigendur vilja losa sitt eigið fé í Grindavík til þess að nota í önnur
verkefni sem nýtast samfélaginu betur.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar Eyri ehf.

Gestur Ólafur Auðunsson

Hilmar S. Sigurðsson

Axel Omarsson